

Tímurinn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn.

Framkvæmdastjóri: Gísli Sigurðsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórn: Þórarinn Þórarinnsson, Eilíf Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Kristinn Hallgrímsson. Umsjónarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökullsson. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Atli Magnússon, Bjarghildur Stefánsdóttir, Friðrik Indriðason, Heiður Helgadóttir, Ingólfur Hannesson (Íþróttir), Jónas Guðmundsson, Kristín Leifsdóttir, Sigurjón Valdimarsson, Skafri Jónsson, Svala Jónsdóttir. Útlitsteiknunar: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Ágústsson, Elín Ellertsdóttir. Ari Jóhannesson. Myndasafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófarar: Flosi Kristjánsson, Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir. Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvóldsímar: 86387 og 86392. Verð í lausasölu 8.00, en 10.00 um helgar. Áskrift á mánuði: kr. 120.00. Setning: Tæknideld Timans. Prentun: Bláaprent hf.

Lengsta forustugrein Morgunblaðsins

Forustugreinin, sem birtist í Mbl. síðastl. þriðjudag, var athyglisverð að því leyti, að hún mun vera lengsta forustugrein, sem blaðið hefur birt frá upphafi. Greinin var þétt sett smáu letri og rúmáðist þó naumlega í því rúmi, sem forustugreinum blaðsins er venjulega ætlað.

Lengd þessarar sérstæðu forustugreinar ber þess ótvíræð merki hvað það er, sem liggur aðstandendum Mbl. þyngst á hjarta um þessar mundir. Það er að koma höggi á Gunnar Thoroddsen og gera hlut hans sem allra verstan.

Efni greinarinnar var frá upphafi til enda tilraun til að færa rök að því, að Gunnar Thoroddsen hefði orðið uppvís að ósannindum.

Greininni lýkur með þessum orðum:

„Tilhneyging sumra stjórnmalámana til þess að ljúga hikstalaust opinberlega er áhyggjuefni.“

Þannig andar nú til forsætisráðherrans í aðalmál-gagni Sjálfstæðisflokksins. Framlag þess til lausnar þeim mikla vanda, sem nú steðjar að þjóðinni er að reyna að telja henni trú um, að forsætisráðherrann „ljúgi hikstalaust“.

Hver getur dregið þá ályktun af þessari löngu forustugrein að forustumenn Geirsarmsins hafi áhuga á að ríkisstjórnin geti leyst hinn mikla vanda farsælega? Myndu þeir þá láta það verða helzta framlag sitt að birta í aðalmál-gagni sínu lengstu forustugrein þess í þeim tilgangi að reyna að sanna, að forsætisráðherrann „ljúgi hikstalaust“ og honum sé því ekki að treysta?

En jafnframt er eðlilegt að spurt sé: Er þeim forustumönnum treystandi, sem reyna þannig að sá eitri tortryggni og blekkinga til að veikja tiltrú til þess manns, sem þarf að hafa forustu um að finna lausn á einhverjum mesta vanda, sem þjóðinni hefur borið að höndum?

Og hvað segir forustugreinin langa um sambúðina innan Sjálfstæðisflokksins og sáttahug Geirsarmsins?

Halldór og Lárus

Geirsarmurinn teflir tveim þingmönnum sínum, Halldóri Blöndal og Lárusi Jónssyni, fram á ritvöll Morgunblaðsins. Greinar beggja fjalla um efnahagsmál og er niðurstaða þeirra hin sama, eða sú að höfuðorsök erfiðleikanna sé röng efnahagsstefna.

Peir Lárus og Halldór eiga þannig auðvelt með að skýra það hvers vegna loðnuveiðarnar hafa stöðvast og þorskafla brugðizt. Það er efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að kenna.

Peir eiga jafn auðvelt með að skýra það, hvers vegna Nígeríumenn hafa frestað skreidarkaupum, dregið hefur úr fiskisölu til Bandaríkjanna og verðfall orðið á mjóli, lýsi og ýmsum útflutningsvörum iðnaðarins. Þetta er allt saman ríkisstjórninni að kenna.

Vitanlega má eftir á benda á ýmislegt, sem miður hefur farið í stjórn efnahagsmála síðustu árin eins og endranær. En sízt af öllu hefði farið betur, ef hreinn glundroði hefði skapast á Alþingi, eins og orðið hefði, ef myndun núv. stjórnar hefði ekki tekizt. Og ekki hafa Geirsmenn bent á þau úrræði, sem bætt hefðu ástandið.

Aðalorsök vandans nú eru samt óviðráðanleg áföll. Það eru hreinar öfgar að ætla að neita því.

— P.P.

á vettvangi dagsins

Nýjar leiðir, nýr árangur

eftir Jónas Guðmundsson

Breski hagfræðingurinn John Stuart Mill kvæðst um miðja síðustu öld vera sannferður um að samvinnu biði „glæsileg framtíð“ í atvinnulífi á Vesturlöndum. Hann gekk svo langt að spá því — í höfuðriti sínu og biblíu hagfræðinga á síðari hluta níttjándu aldar — að samvinnufélögum myndi smátt og smátt fjölga, þar til „aðeins minnst verða verkafólkið“ tæki lengur í mál að vinna „eingöngu fyrir launum.“ („Í fyllingu tímans,“ skrifadi hann, gætu „grundvallarreglur samvinnunnar“ vísad veginn til „breytinga í þjóðfélaginu, sem fléttuð saman frelsi og sjálfstæði einstaklingsins, og síðferðis-, skynsemis- og hagkvæmniskosti mikillar framleiðslu“; breytingar sem „gerðu að veruleika.. í það minnsta í iðnaði, bestu markmið lýðræðisandans.“) Með öðrum orðum, samvinnuformið myndi hægt og sígandi ýta fjármagnsforminu til hlíðar.

Samvinnuforspa Mills kom mönnum nokkuð í opna skjöldu á sínum tíma. En hver hefur reynslan orðið? Hefur hún afsannað þessa forspa? Hafa grundvallarreglur samvinnunnar, í samkeppni milli rekstrarforma, verið dæmdar lakari öðrum reglum í atvinnurekstri? Hefur komið í ljós að möguleikar samvinnunnar séu í raun takmarkaðir, eða hefur gengi hennar frekar borið merki mistaka við útfærslu grundvallarreglnanna, og mistaka við aðra stefnumótun samvinnuhreyfinga? Mætti gera betur? Hvers konar útbreiðsla, þegar á allt er litið, er að vænta í framtíðinni? Við skulum skoða nokkrar vísbendingar að svörum af innlendum vettvangi.

Á áratugnum 1970-80 voru stofnuð samtals fimmtíu ný samvinnufélög í landinu, samkvæmt skráningu sem birt hefur verið í Stjórnartíðindum. Lang-

flest þessara félaga voru pöntunarfélög, svo sem pöntunarfélög starfsfólks einstakra fyrirtækja. Næstflest voru byggingasamvinnufélög, nokkur voru deildir í kaupfélögum, tvö voru samvinnufélög rafvirkja (öðru var breytt í hlutafélag fyrir tveimur árum), sem síðan stofnuðu eigin deildir, og eitt var félag bifreiðastjóra. Enda þótt mörgum þessara félaga gegni mikilsverðum hlutverkum, til að mynda byggingasamvinnufélögin, vekur athygli hversu fá þeirra stunda venjubundinn atvinnurekstur, af einhverju tagi. Aðallega eru það rafvirkjafélögin og bílstjórafélagið. Þegar þess er gætt að á áratugnum voru árlega stofnuð um tvö hundruð ný hlutafélög, verður ekki séð að ný samvinnufélög hafi leikið lykilhutverk í atvinnu — og verðmætasköpun þjóðarinnar á þessu tímabili.

Hvað gerðist á meðan innan hinnar opinberu samvinnuhreyfingar? Samkvæmt ársskýrslum SIS jókst velta Sambandsins sjálfs um 80% að raungildi frá 1970 til 80. (Tölur eru ekki handbærar um veltuaukningu kaupfélaganna). Til samanburðar má geta þess að á sama tíma jókst þjóðartekjur Íslendinga um rúmlega 85%. Samvinnufélögum innan Sambandsins fækkaði um sex á áratugnum. Félagsmönnum þessara félaga fjölgaði úr 31 þúsund í tæplega 42 þúsund, en sem hlutfall af heildarmannfjölda í landinu náði félagatalan hámarki árið 1977, 19%. Í þessum efnu voru þó engin ný lönd numin því þetta hlutfall komst í 21% árið 1980.

Enn er ógetið eins þáttar er telst til íslenskrar samvinnustarfsemi. Það eru hin svonefndu sameignar- samstarfs- og eignarhlutafyrirtæki Sambandsins og stærri kaupfélaga. Þessum félögum

hefur farið fjölgandi, en í síðustu ársskýrslu SIS er getið um þrjú sameignarfyrirtæki, þrettán samstarfsfélög, og tuttugu og níu eignarhlutafyrirtæki. Þessi fyrirtæki eiga það sameiginlegt að vera byggð á hlutafélaga en ekki samvinnugrunni.

Þessum aukapætti Samvinnuhreyfingarinnar hefur verið veitt töluverð athygli, bæði innan og utan hreyfingarinnar, og er það að vonum. Spurt hefur verið hvað valdi því að forustumenn samvinnumála velji hlutafélagareglur í stað samvinnureglna til að bygga fyrirtæki sín á? Hvort það merki að þeir hafi misst trú á öll samvinnuform? Ennfremur má velja fyrir sér hvort þessi stefna hafi haft neikvæð áhrif á almenna útbreiðslu samvinnuauðferðanna í landinu?

En það er rökstuðningur forustumanna hreyfingarinnar fyrir þeirri stefnu sem í þessum fyrirtækjastofnunum felst, sem vert er að gefa sérstakan gaum. Þeir hafa sagt að í sumum tilfellum sé nauðsynlegt að nota hlutafélagareglur vegna þess að fleiri aðilar, fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklingar, deili eigninni með samvinnusamtökum. Athyglisverðari er þó sú röksemd að hlutafélagareglur sé valið af illri nauðsyn vegna umhyggju fyrir efnahagslegri velgengni þessara fyrirtækja. Hér sé aðeins víðurkennd sú gjá sem skilji að sumar hugsjónir samvinnumanna og hinn efnahagslega veruleika. Til viðbótar við litla útbreiðslu grundvallarreglna samvinnunnar í landinu á síðustu árum gefur slíkt viðhorf ekki fyrirheit um rífandi útbreiðslu samvinnunnar í næstu framtíð.

En er þessi nefnda gjá þá til? Ekki með réttu, segir Jaroslav Vanek,

menningarmál

Staðir Kjarvals

KJARVALSSTAÐIR:

AF TRÖNUM KJARVALS

Myndlistarsýning

og kynning.

Myndir í eigu

Reykjavíkurborgar.

1982

Opnið á venjulegum

tímum, alla daga

frá kl. 14.00-22.00

Að hemja Kjarval

■ Að Kjarvalsstöðum hefur verið margt um manninn í sumar og margar skemmtilegar sýningar. Til að mynda sýning á verkum naivista, en svo nefna fræðimenn myndgerð fullvaxinna, eða fullorðinna manna, sem mála eins og börn. Og svo er sýning á kjörgripum eftir menn úr ýmsum landshlutum, og vakti hún einnig athygli.

Þriðja sýningin er svo Kjarvalssýning í Austursal hússins, en satt að segja voru þeir sem skrifa um myndir í blöðin orðnir í dálitlum vandræðum með þann sal. Sömu Kjarvalsmyndirnar virtust hanga þarna ár eftir ár, og ef til vill lá beinast við að gagnrýnendur skrifuðu sömu greinina upp aftur, ár eftir ár — og sumir gjörðu það víst. Fátt nýtt kom fram á síðum blaðanna, eða í Austur-

salnum, þar til nú, að brugðið er út af venjunni.

Það var eins og áður væri verið að hemja þennan listamann, sérstaklega.

Það sem einkum skorti, var að Kjarval var annað og meira en málari af guðsnáð. Hann var líka svo margt annað. Vinur Óla Maggadon og Ólafs Thors. Stóð þannig í persónulegum tengslum við menn af öllum gerðum og stéttum, og var nánast orðinn að þjóðsögu, eða stofnun er hann lést árið 1972, á áttugasta og sjöunda aldursári.

Hann var eins við flesta menn. Það gengu miklar sögur um þennan skútumann úr Meðallandinu og Borgarfirði eystra og ganga enn. Hann var málari allra sannra Íslendinga og gat ómögulega málað vonda mynd.

Það var þó harla auðvelt að kynnast þessum manni og enn auðveldara að elska myndirnar sem hann málaði og teiknaði. En að útskýra Kjarval, hefur þó vafist fyrir mönnum; sum sé að skila honum óbrotnum til komandi kynslóða, þrátt fyrir marga viðleitni.

Yfirleitt lifa myndlistarmenn í verkum sínum, rithöfundar og skáld í bókum sínum og stjórnmalámann í athöfnum sínum. En svo einfalt er það nú ekki þegar meistari Kjarval ræð á hitt borðið. Myndir hans segja aðeins fátt um



AF TRÖNUM KJARVALS

LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK 1982
KJARVALSSTAÐIR

þennan dularfulla listamann. Hann var skáld, spekingur og rithöfundur, og þegar hann kvæði þennan heim, var dálítið tómlægt í borginni, því þrátt fyrir allt örlætið, tók hann svo mikið með sér.

Kjarval og Reykjavíkurborg

Það hafði staðið til nokkuð lengi, meðan Kjarval lifði, að ríkið reisti honum hús, eða samastað, honum til heidurs og þæginda, en af því varð þó ekki í tíma. En á hinn bóginn hefur Reykjavíkurborg tekið að sér að halda nafni hans á lofti, enda þótt hann væri úr Meðallandinu. Reykjavík var auðvitað hans borg líka, því hún er höfuðborg allra Íslendinga, þannig séð, og nú lifandi heidursborgarar hennar nú eru úr Grafningnum og norðan úr Skagafirði. Þetta er skyldustarf, eða höfuðborgarskylda, að annast um minningu Kjar-